



Stjórn SSH

387. fundur

Mánudaginn 4. mars 2013 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn og varamenn sátu fundinn: Gunnar Einarsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Sverrisson, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Ármann Kr. Ólafsson. Guðný Ívarsdóttir boðaði forföll Hrafnkell Á Proppé, svæðisskipulagsstjóri SSH sat einnig fundinn undir 1. og 2. dagskrárlið. Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Bláfjöll – þríhjúkar, áhrifa- og áhættumat vegna vatnsverndar.

Á fundinn mætti Sveinn Óli Pálmarsson frá Verkfræðistofunni Vatnaskilum og gerði grein fyrir mögulegri útfærslu og verklagi við vinnslu sérstaks áhrifa- og áhættumats fyrir skíðasvæðin í Bláfjöllum og fyrirhugaða opnun á aðgengi ferðamanna að Þríhjúkagíg. Ennfremur lágu fyrir fundinum minnispointar SÓP vegna málsins.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir að mótuð verði verkefnistillaga - og kostnaðarmat vegna málsins, og að málið verði kynnt heilbrigðiseftirlitum svæðisins á þessu stigi og kallað eftir viðhorfum þeirra og viðmiðum vegna slíks áhættumats.

2. „Samgöngumiðstöð í Vatnsmýri“ og breytingar á leiðakerfi Strætó bs vegna nýtingar Umferðarmiðstöðvarinnar og tilfærslu frá Hlemmi.

Fyrir fundinum lá erindi frá skrifstofu eigna og atvinnuþróunar hjá Reykjavíkurborg vegna málsins, ásamt skýrslu vinnuhóps Reykjavíkurborgar dags. 18.02.2013.

Á fundinn mættu Hrólfur Jónsson, Þorsteinn Hermannsson, Einar Kristjánsson og Smári Ólafsson til kynningar á málinu.

Umræður

Niðurstaða

Stjórn SSH mun fylgjast með framvindu málsins, og telur eðlilegt að vegna tengingar þess við umferðarþátt svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins, þá verði svæðisskipulagsstjóri SSH formlega tengdur vinnuhópnum varðandi þau atriði sem lúta að svæðisskipulaginu.



3. Framtíðarhópur SSH.

Fyrir lá minnisblað frá fundi framtíðarhóps SSH frá 1. mars 2013.

- a) Sóknaráætlun 2013, staða og framhald eftir skil verkefnatillögu SSH til stýrinets sóknaráætlana.
Framkvæmdastjóra falið að móta tillöguna áfram á grundvelli ábendinga stýrinetsins fyrir lokafrágang vegna sammings um fjármögnun sem undirritaður verður síðari hluta marsmánaðar.
- b) Skíðasvæðin.
Stjórn SSH samþykkti eftirfarandi tillögu framtíðarhóps:

Framtíðarsýn fyrir rekstur skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins

SSH vill fullkanna hvort snjóframleiðsla í Bláfjöllum sé raunhæf bæði umhverfislega- og fjárhagslega. Unnið verði sérstakt áhættumat vegna vatnsverndar sem taki mið af hugmyndum um snjóframleiðslu annars vegar og aukið aðgengi að Þríhnjúkagíg hins vegar.

Niðurstaða þessa áhættumats er forsenda ákvörðunartöku um hugmyndir að snjóframleiðslu og framtíðarrekstur skíðasvæðisins í Bláfjöllum. Í rekstrarlegri úttekt verði dreginn fram kostnaður og sóknarfæri miðað við eitt öflugt skíðasvæði í Bláfjöllun (með snjóframleiðslu) í samanburði við óbreytt ástand og horfur en jafnframt skoðuð sviðsmynd sem miði við rekstur verði einnig í Skálafelli.

Önnur forsenda þess að ráðast í frekari uppbyggingu á skíðasvæðunum er að sátt náist um umgjörð og stjórnun, sbr. þá valkosti sem nefndir eru í nýrri stjórnarsýsluúttekt á skíðasvæðunum.

Í stjórnarsýsluúttektinni eru tveir kostir settir fram:

1. Stofnun fyrirtækis/byggðasamlags um skíðasvæðin með sérstakri stjórn og viðbótarstarfsfólki til að annast fjármál, bókhald, áætlunargerð o.s.frv.
2. Stoðþjónusta verði áfram á hendi ÍTR, líkt og nú er, en hert verði á ábyrgð og eftirliti, m.a. með skráningu og viðhaldi eigna. Samstarfsnefnd um skíðasvæðin yrði áfram við líði en fjármögnun byggði á nýju samkomulagi um skíðasvæðin sem unnið yrði á vettvangi SSH.

Lagt er til að leið 2 verði farin: Til að skýra ábyrgð og draga úr þörf á viðbótarfé er lagt til að starfsmannahald, bókhald og rekstur lúti beinu eftirliti ÍTR (stjórnunarleg ábyrgð) og eignir verði í eftirliti og skráningu hjá eignasjóði Reykjavíkurborgar, þó hlutur hvers og eins sveitarfélags verði áfram skráður í bækur þess. Sérstök samstarfsnefnd um skíðasvæðin með aðild allra sveitarfélaga SSH verði áfram við líði. Hún fjalli um fjárhags- og framkvæmdaáætlanir og geri tillögur um afgreiðslu þeirra til stjórnar SSH.

4. Ársreikningur SSH 2012.

Fyrir lá ársreikningur SSH fyrir árið 2012, ásamt áritun endurskoðanda og skoðunarmanna SSH. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir helstu niðurstöðum, og stjórnarmenn árituðu reikninginn.

5. Sameiginlegar bakvaktir vegna barnaverndar.

Fyrir lá greinargerð og tillaga starfshóps SSH um sameiginlega bakvaktir vegna barnaverndar.

Starfshópurinn leggur til að sett verði á fót tilraunaverkefni um rekstur bakvakta til loka ársins 2014 þar sem sveitarfélögin sammælast um að reka tvær bakvaktir á



höfuðborgarsvæðinu með tveimur starfsmönnum. Lagt er til að landfræðileg skipting verði látin ráða, þ.e. norður-suður svæði.

Niðurstaða:

Samþykkt að senda tillögu og greinargerð starfshópsins til umfjöllunar og afgreiðslu hjá aðildarsveitarfélögunum.

6. Önnur mál.

- a) HSV vakti máls á frumvarpi um breytingar á kosningalögum og þörf á að nægjanlegur tími gefist til yfirvegaðrar umræðu og kynningar á þeim breytingum sem fram koma í frumvarpinu
- b) Reykjanesfólkvangur
GÁG vakti máls á nauðsyn þess að teknar verði upp viðræður við stjórn Reykjanesfólkvangs vegna hugmynda um stofnun Reykjanes Geopark.
Framkvæmdastjóra falið að boða til sameiginlegs fundar.
- c) Vatsnvernd og svæðisskipulag – tenging við starfssvæði SSS
GÁG ræddi nauðsyn þess að tekið verði upp samtal við Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum vegna sameiginlegra hagsmuna við mótun vatsnverndar og svæðisskipulags.
Framkvæmdastjóra falið að kanna með mögulegan fund.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:20